

## Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt

19. desember 2011 að Hesti

Mættir:

Þórarinn Leifsson  
Sigurgeir Hreinsson  
Magnús B. Jónsson  
Guðný Helga Björnsdóttir  
Sigurður Loftsson  
Baldur Helgi Benjamínsson  
Bragi Líndal Ólafsson  
Grétar Hrafn Harðarson  
Gunnar Guðmundsson  
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir  
Sveinbjörn Eyjólfsson.  
Fjarverandi:  
Þorsteinn Ólafsson  
Björn Gunnarsson

Formaður setur fund og byrja fagráðsmenn á að fara í nautafjósíð að lita á nautin

### 1. Afkvæmadómur nautaárgangs 2005, ný naut til notkunar og nauksfeður

Fyrir liggur afkvæmadómur nautaárgangs 2005. Í árgangnum er 31 naut sem hafa fengið kynbótaeinkunn byggða á afkvæmahópi. Fyrir liggur að afkvæmahóparnir eru mjög misstórir, en þau naut sem eiga flestar dætur með afurðaupplýsingar (heilt fyrsta mjaltaskeið) eiga 80-90 dætur en minnstu dætrahópar með afurðaupplýsingar telja um 30 dætur. Til grundvallar útlitsdómi liggja nokkuð stærri hópar eða 66- 121 fyrir hvert naut og fyrir gæðaröð og mjaltaathugun er stærð hópana 63 - 110 dætur.

Flest naut í þessum árgangi eru undan Stíg 97010 eða 23. Teinn 97001 á 6 syni, Hersir 97033 á einn son og Byllur 97002 einn son.

Almennt má segja að þessi árgangur sýni góða júgurhreysti, afurðasemi og nokkuð sterka júgur og spenagerð. Mjaltir og skap eru hins vegar mjög breytilegt. Alls eru 12 naut tekin til framhaldsnotkunar úr árgangi 2005

Einnig er farið yfir stöðu eldri nauta og ákveðið hverjir skulu notast áfram og hverja skuli taka úr skrá.

Talsvert er rætt um mikla hlutdeild Stígs 97010 í þeim kynbótagripum sem nú eru í notkun. Fram kemur tillaga um að taka einnig til notkunar úr árgangi 2006 Fontssoninn Kola 06003 en hann á orðið dætrahóp sem jafnast á við þau naut sem fæstar dætur eiga í árgangi 2005. Bak við afurðaeinkunn standa 26 dætur og á hann 84 dætur með útlitsdóm og 82 dætur með mjaltaathugun. Er jafnframt gerð sú tillaga að hann verði tekin til notkunar sem nauksfaðir.

Eftirfarandi naut verða notuð og munu birtast í í nautaskrá Bændasamtaka Íslands veturinn 2012.

Ás 02048  
Hegri 03014  
Máni 03025  
Tópas 03027  
Salomon 04009  
Hlaupari 04010  
Rauður 04021  
Stássi 04024  
Ári 04043  
Stöðull 05001  
Hryggur 05008  
Standur 05013  
Renningur 05014  
Gussi 05019  
Baugur 05026  
Vindill 05028  
Herkúles 05031  
Frami 05034  
Sússi 05037  
Röskur 05039  
Birtingur 05043  
Koli 06003

Nautsfeður verði Stássi, Vindill, Birtingur og Koli.

Sveinbjörn Eyjólfsson leggur fyrir fundinn gögn um birgðastöðu nautastöðvarinnar og fanghlutfall sæðinga fyrstu 10 mánuði ársins en þarf síðan sökum anna að hverfa af fundi.

## **2. Umsóknir í fagfé nautgriparæktarinnar**

Fimm umsóknir liggja fyrir, tengdar BS verkefnum nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands. Umsóknir vegna verkefna Davíðs Loga Jónssonar (1.200 þús), Halldórs Arnars Árnasonar (222 þús), Snæðisar Önnu Þórhallsdóttur (150 þús) og Huldu Jónsdóttur (200 þús) eru samþykktar. Umsókn vegna verkefnis Helga Eyleifs Þorvaldssonar er afgreidd í gegnum tölvupóst og samþykkt að veita kr. 400 þús. til verkefnisins.

Einnig er samþykkt að veita styrk, allt að 350 þúsund krónur auk VSK, til þeirra Unnsteins Snorra Snorrasonar og Snorra Sigurðssonar sem eru að vinna nýjar leiðbeiningar um góða búskaparhætti. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður 900-1100 þús. og hafa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði samþykkt að taka þátt í að kosta verkefnið.

Formaður fagráðs upplýsir jafnframt að búið sé að greiða út fé til allra þeirra umsókna sem fengið hafa styrkloforð enda hafi tilskilin göng borist.

## **3. Efling ræktunarstarfsins**

Rætt um tillögu Þórarins Leifssonar sem byggir á hugmynd um útfærslu á því að nýta að einhverju leiti óframleiðslutengdan og minna markaðstruflandi stuðning til eflingar kynbótastarfsins. Semja þarf um útfærslu á þessum stuðningi. Spurningin er hvort þessi leið sé fær og hvort menn vilja þá freista þess að fara þessa leið. Fagráð í nautgriparækt lýsir stuðningi við þessa tillögu.

Hugmyndir um verðlagningu á sæði eru ræddar og aðgengi þeirra bænda sem ekki taka þátt í skýrsluhaldi að óreyndum nautum og nautsfeðrum. Fagráð hefur áður rætt tillögur þess efnis að takmarka notkun ákveðinna nauta við bændur í skýrsluhaldi, enda gefi það möguleika á að fækka útsendum sæðisskömtum úr óreyndum nautum. Fagráð í nautgripærækt leggur fram eftirfarandi tillögur um dreifingu á sæði til bænda.

1. Sæði úr ungnautum skal eingöngu dreift til þeirra bænda sem skráðir eru í afurðaskýrsluhald Bændasamtaka Íslands.
2. Sæði úr nautsfeðrum skal eingöngu dreift til þeirra bænda sem skráðir eru í afurðaskýrsluhald Bændasamtaka Íslands.
3. Sæði úr kýrfeðrum (B-Nautum) skal vera aðgengilegt öllum bændum.
4. Sæði úr holdanautum skal vera aðgengilegt öllum bændum
5. Sérpöntun nautasæðis skal áfram vera möguleiki fyrir alla bændur samkvæmt þeim reglum sem gilda um slíkar pantanir.

Fagráð vekur jafnframt athygli á að eðlilegt sé að skoða möguleika til að auka tekjur nautastöðvarinnar og þannig skapa grundvöll til að efla faglega starfsemi hennar.

#### **4. Önnur mál**

Samþykkt að hækka verð kálfa í 27.000 kr. og að greiðsla fyrir fóður fari eftir grunnverði mjólkur.

Spurt er um tillögur að leiðbeiningum vegna beiðni um sæðis kaup frá einstaklingum sem vilja sæða sjálfir heima á sínu búi. Reglur um það eru ekki fullkláraðar.

Rætt um áræðanleika skýrsluhaldsgagna. Nú þegar skýrsluskil og taka kýrsýna hefur batnað til muna er tími til að huga að næstu skrefum. Spurt er sérstaklega um nýtingarhlutfall mjólkur, þ.e. samanburð á skráðu mjólkurmagni og innleggsmjólk. Rætt er um anmarka á slíkum samanburði þar sem notkun mjólkur heima á býli sé mjög mismunandi milli bænda. Upplýsingar um innlegg eru ekki aðgengilegar inn í HUPPU en upplýst er að gert sé ráð fyrir þessu í BÚHAG sem verið er að vinna að þessa dagana. Nokkrar umræður skapast um upplýsingar frá mjólkuriðnaðinum. Vinna þarf að því að koma gagnaflæði í betra horf enda er þarna um að ræða upplýsingar sem eru mikilvægar sérstaklega í búrekstrarlegu tilliti og leiðbeiningum hvað slíka þætti varðar.

Að lokum lýsa fagráðsfulltrúar sérstakri ánægju með nýafstaðna ráðstefnu í nautgripærækt þar sem margir áhugaverðir fyrirlestrar komu fram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritaði fundargerð